

VSÓ RÁÐGJÖF



Lýsingarráðgjöf



Hvað er lýsing?

Lýsing er samspil margra þátta s.s. ljóss, lita, dagsbirtu og skugga. Við hönnun lýsingar þarf að taka tillit til umhverfisins s.s. við val á lömpum, staðsetningu þeirra og hvaða tilgangi lýsingin á að þjóna. Ólíkar kröfur eru gerðar við hönnun lýsingar fyrir heimili, spítala, skóla, verslanir eða skrifstofur. Þá getur vel hönnuð útlýsing gert mikið fyrir byggingar og umhverfi þeirra með því að draga fram ákveðna hluti eða form með samspili ljóss og skugga.



Lýsingarráðgjöf

Rétt birta og rétt hönnun lýsingar skiptir miklu máli fyrir líðan fólks hvort sem er á vinnustað eða á heimili. Með víðtækri þekkingu og góðum búnaði til hönnunar á lýsingu tryggjum við hagkvæmar lausnir sem hæfa hverju tilviki fyrir sig.

Við hönnun lýsingar er nán samvinna milli lýsingarráðgjafans, arkitekts og verkkaupa. Sérfræðingar VSÓ leitast við að vinna á faglegan hátt bæði með því að reikna út birtustig lýsingarinnar með sérhæfðum lýsingar-forritum og einnig með því að koma með tillögur á myndrænan hátt um hvernig stemningu lýsingin mun skapa. Með þessu móti geta bæði samstarfsaðilar og ekki síst verkkaupinn sjálfur áttað sig betur á hver niðurstaðan verður.



Reynsla

VSÓ Ráðgjöf hefur mikla og víðtæka reynslu á sviði lýsingarráðgjafar. Viðskiptavinir VSÓ eru bæði stórir og smáir og verkefni eru fjölbreytt; allt frá hönnun lýsingar fyrir heimili til stærri verkefna s.s. fyrir spítala-, skóla- og verslunar- og skrifstofuhúsnæðis. Fyrirtækið hefur á að skipa sérfræðingum sem hafa sérhæft sig í hönnun lýsingar og þeir leggja kapp á að fylgjast vel með nýjungum bæði heima og erlendis.

Borgartúni 20, 105 Reykjavík, sími: 585 9000, fax: 585 9010, netfang: vso@vso.is, heimasíða: www.vso.is



Um fyrirtækið

VSÓ Ráðgjöf ehf. var stofnað árið 1958. Í upphafi starfaði fyrirtækið einkum á sviði byggingarverkfræði en á síðari árum hefur verið lagt út á nýjar brautir í þjónustu til að mæta auknum þörfum viðskiptavina. Árið 1996 hóf VSÓ að veita ráðgjöf í rafkerfum og hefur lýsingarráðgjöf verið þáttur í þeirri ráðgjöf frá upphafi.

Upplýsingar um starfsemi VSÓ Ráðgjafar má finna á heimasíðu okkar www.vso.is